

**Nr. 033 / 16 Selfoss*****Skipverji slasast við fall***

IMO.nr. 8914556  
Fánaríki: Antigua & Barbuda  
Smíðaður: Danmörku 1991, stál  
Stærð: 7.676 BT 8.609 DW  
Mesta lengd: 127 m  
Breidd: 20,5 m Dýpt: 7,5 m  
Vél: MaK 5.400 kW, 1991  
Fjöldi skipverja: 11



Selfoss©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Slysaskýrsla frá skipi  
Ljósrit úr leiðarbók

Málið afgreitt á fundi 17. október 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 7. maí 2016 var Selfoss á akkerislegu við Kali Limenes í Grikklandi. Veður: Logn.

Vélstjórar voru við olíutöku þegar þrýstímælir á svartolíuröri brotnaði af og olía sprautaðist inn í vélarúmið. Yfirvélstjóri hljóp til að loka öryggisloka en rann til í olíunni og féll með þeim afleiðingum að hann slasaðist í baki.

**Við rannsókn kom fram:**

- að í ljós kom að dælt hafði verið með 5-7 bara þrýstingi en yfirvélstjóri hafði beðið um að aðeins yrði notaður að hámarki 3 bar þrýstingur.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.